

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2015, mánudaginn 14. desember kl.16:00, var haldinn 138. fundur hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldinn í *Betri stofunni* í húsakynnum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Hörður J. Oddfríðarson, Jóhann Björnsson, Sigurður Eggertsson, Elínóra Inga Sigurðardóttir og Sigríður Nanna Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Valgerður Solveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitishverfis, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar í PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Skólalóðir Háaleitisskóla til umræðu. Lagt fram afrit af tölvupósti, dags. 30. nóvember 2015, frá sviðsstjóra SFS, Helga Grímssyni, þar sem fram kemur að SFS mun leggja til að á árinu 2016 fari USK í endurmat á ástandi skólalóða og forgangsröðun endurstíllt með hliðsjón af ástandi og fjárveitingum.
2. Rætt um niðurstöðu um skokkaðstöðu í Fossvogi í framhaldi af tillögu úr Betri Reykjavík. Skýr svör hafa fengist vegna flutnings á staðsetningunni miðað við tillöguna.
3. Lögð fram styrkumsókn frá Íbúasamtökum Háaleitis – og Bústaða frá 9. desember 2015 um styrk til starfsemi samtakanna vegna kostnaðar við fundarhöld, aðalfund og íbúafundi. Samþykkt að veita kr. 80.000 styrk til Íbúasamtaka Háaleitis á grundvelli umsóknar.
4. Rætt um fyrirhugaða heimsókn borgarstjóra í hverfið í byrjun janúar 2016.
5. Rætt um íbúaþing sem fyrirhugað er 12. janúar 2016.

Fundi lauk kl. 16.30

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Hörður J. Oddfríðarson (Sign)
Sigurður Eggertsson (Sign)

Jóhann Björnsson (Sign)
Elínóra Sigurðardóttir (Sign)